

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Álseyjarbleyðu.

1. gr.

Frá kl. 12.00 þann 24. júní 2010 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á Álseyjarbleyðu, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°22,00' N - 20°24,00' V
2. 63°22,00' N - 20°30,00' V
3. 63°26,00' N - 20°28,00' V
4. 63°26,00' N - 20°22,00' V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. júní 2010.

F. h. r.

Steinar Ingi Matthíasson.

Kristján Freyr Helgason.